

## Umsögn frá *Miðstöð foreldra og barna* um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja).

Miðstöð foreldra og barna starfar með hag barna að leiðarljósi.

Út frá hagsmunum barna eru starfsmenn miðstöðvarinnar **sammála** rökstuðningi sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu um að:

- Með umskurði sé brotið á réttindum barna.
- Um sé að ræða varanlegt inngríp í líkama barns sem getur haft í för með sér mikinn sársauka.
- Drengir eigi að taka ákvörðun um slíkt þegar þeir hafa sjálfir náð aldri og þroska til að vera færir um það.

Við gerum á hinn bóginn alvarlegar athugasemdir við 1. grein frumvarpsins en þar segir: “Hver sem með **líkamsárás** veldur tjóni á líkama eða heilsu barns eða konu með því að fjarlægja kynfæri að hluta eða öllu leyti **skal sæta fangelsi allt að 6 árum.**”

Hér er notað gildishlaðið og ónákvæmt orðalag. Með “líkamsárás” er væntanlega átt við skurðaðgerð en ekki er ljóst hvort hegningarviðurlögin beinist að þeim sem framkvæma aðgerðina, sem gætu verið læknar, eða þeim sem bera á henni ábyrgð, sem oftast eru foreldrar viðkomandi drengs. Af almennri umræðu má ætla að átt sé við foreldra en þetta þarf að vera mun skýrara. **Við vörum eindregið við refsingu sem felur í sér fangelsisvist foreldra. Það er mótsögn að frumvarp sem ætlað er að vernda börn geti leitt til þess að þau verði svipt foreldrum sínum.**

Umræða um umskurð drengja er ný af nálinni í íslensku samfélagi. Við teljum mikilvægt að henni sé gefið mun meira rými áður en kemur til setningar hegningarlaga.

F.h Miðstöðvar foreldra og barna,  
Sæunn Kjartansdóttir